

Mál nr. 384/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vinnuveitandi: A

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 17. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 25. janúar 2017 dottið í háлку og fallið harkalega aftur fyrir sig og skollið í götuna. M hafi orðið fyrir tjóni vegna þess. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en fjórum vikum síðar og því ekki verið rannsakað skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M telur því að sönnunarbyrði vegna óljósra og umdeilda málsatvika sé nú á A og vísar í því sambandi til dómafordæma. M telur A hafa viðurkennt að háلكa hafi verið þegar hún datt þar sem það kemur fram í tilkynningu A til Vinnueftirlitsins. Mótmæli A við því hafi ekki komið fram fyrr en í höfnunarbréfi V, dags. 23. júlí 2021. Í málskoti kemur enn fremur fram að samkvæmt gögnum frá Veðurstofu Íslands megi sjá að hiti hafi farið töluvert undir frostmark dagana 10.-19. janúar 2017, hiti hafi verið yfir frostmarki 20.-24. janúar og töluverð úrkoma hafi verið í Reykjavík 20.-21. janúar og bæði 23. og 25. janúar hafi úrkoma mælst 7,0 mm. M telur að miðað við þessa miklu úrkomu og hitabreytingar dagana áður hafi skapast réttu skilyrðin fyrir háلكumyndun á svæðinu. M rekur slysið til þess að ekki hafi verið búið að salta og sanda svæðið þar sem hún datt og verði að meta A það til gáleysis að hafa ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyshættu. Dómafordæmi sýni að ríkar kröfur séu gerðar til þeirra sem reka þjónustu í húsnæði sínu.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafi aldrei gengist við því að slys M megi rekja til háلكu sem hafi verið komin til vegna ísingar eða frosts. Tekið er fram að háلكa geti myndast við margs konar aðstæður, ekki eingöngu ísingu. V mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að háلكan hafi verið komin til vegna ísingar, þ.e. frostháلكu. Vandséð sé hvernig koma hefði mátt í veg fyrir háلكu sem rekja megi rigningar eða bleytu þar sem ekki sé hægt að salta eða sanda líkt og þegar um frostháلكu sé að ræða. V telur að þrátt fyrir að slysið hafi ekki verið tilkynnt innan tímafrests til Vinnueftirlitsins þá geti félagið ekki fallist á að það eitt og sér leiði til þess að lagt verði til grundvallar að M hafi runnið í ísingu. Frásögn M verði að eiga sér stöð í öðrum gögnum. Fram kemur hjá V að dagana fyrir slysið hafi hiti verið vel yfir frostmarki og sama hafi verið á slysdegi. Þetta komi fram í gögnum frá Veðurstofu Íslands og af þeim sökum sé ekki unnt að leggja frásögn M til grundvallar. Og þótt um háلكu hefði verið að ræða hefði A þurft að hafa eðlilegt ráðrúm til að grípa til aðgerða en slysið átti sér stað kl.9:15 um morguninn. Þá telur V að dómafordæmi þau sem M vísar til staðfesti að tilvist ísingar eða háلكu nægi ekki svo bótaskyldu sé slegið fastri. Meira þurfi að koma til, svo sem skortur á viðhaldi, lýsingu, vitneskja húseiganda eða rekstraraðila o.s.frv. og ekkert slíkt liggir fyrir í málinu.

Álit.

Það liggur fyrir í þessu máli að M datt fyrir utan vinnustað sinn og slasaðist. Ágreiningur málsaðila snýr að því hvort um háلكu vegna ísingar hafi verið að ræða. Þá liggur fyrir að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það leiðir þó ekki eitt og sér til þess að talið verði að M hafi dottið vegna háلكu sem A beri ábyrgð á. M telur að hún hafi dottið sökum ísingar en V telur að háلكan hafi verið tilkomin vegna bleytu. Í málinu liggur fyrir veðurfarsyfirlit frá Veðurstofu Íslands og þar má sjá að dagana 20.-25. janúar var hiti yfir frostmarki. Úrkoma var 7,0 mm 24. janúar og úrkomutegund var rigning. Úrkoma var 4,2 mm 25. janúar og úrkomutegund rigning. Í gögnum sem koma frá gagnabanka Veðurstofu Íslands má sjá að hiti á Kjalarnesi var yfir frostmarki aðfararnótt 25. janúar 2017 og um morguninn, hiti á Geldinganesi var á sama tíma yfir frostmarki og úrkoma náði ekki 1,0 mm, hiti á Korpu á sama tíma var einnig yfir frostmarki. Gögn frá Veðurstofu Íslands benda því ekki til þess að um háلكu hafi verið að ræða vegna ísingar heldur að M hafi dottið vegna rigningarháلكu. Ekki verður séð að A hafi borið að gera ráðstafanir

vegna þeirrar hálfu sem getur myndast vegna rigningar. Af þeim sökum verður að líta svo á að fall M hafi verið óhappatilvik og er V því ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir